



Borgarráð

Reykjavík, 3. mars 2026

VEL26010155

Rekstur neyðarheimilis Barnaverndar Reykjavíkur

Lagt er til að borgarráð staðfesti samþykkt velferðarráðs frá 18. febrúar sl. um rekstur neyðarheimilis Barnaverndar Reykjavíkur. Áætlaður hámarkskostnaður vegna tillögunnar er 42.532.560 m.kr. á ári en kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs. Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa í samræmi við kostnaðaráætlun fyrir árið 2026 vegna neyðarheimilis fyrir börn 0-12 ára.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Samþykkt velferðarráðs um rekstur neyðarheimilis Barnaverndar Reykjavíkur, dags. 23. febrúar 2026.

Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs til velferðarráðs um rekstur neyðarheimilis Barnaverndar Reykjavíkur, dags. 16. febrúar 2026, ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavík



Reykjavík, 23. febrúar 2026
VEL26010155

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um rekstur neyðarheimilis Barnaverndar Reykjavíkur

Á fundi velferðarráðs þann 18. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 16. febrúar 2026, um rekstur neyðarheimilis Barnaverndar Reykjavíkur:

Lagt er til að fjármagni verði veitt til Barnaverndar Reykjavíkur svo hægt verði að semja við fjölskyldu um rekstur neyðarheimilis þar sem börn geta dvalið í neyðartilvikum á meðan að fundin er lausn á málum þeirra. Vistun barna á neyðarheimilinu yrði bráðavistun á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Neyðarheimilið þarf að geta tekið við allt að fjórum börnum í bráðavistun og er áætlaður hámarkskostnaður 42.532.560 á ári. Kostnaðurinn rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir samþykkja tillögu um rekstur neyðarheimilis Barnaverndar Reykjavíkur en ítreka mikilvægi þess að eftirliti með heimilinu verði sinnt í samræmi við reglur þar um, m.a. með reglulegum heimsóknum án fyrirvara. Fulltrúarnir óska eftir að fá upplýsingar um hvernig gengið hefur með þetta nýja úrræði, m.a. með hliðsjón af eftirliti, að liðnum tveimur mánuðum frá því að úrræðið tekur til starfa og aftur eftir sex mánuði.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um rekstur neyðarheimilis Barnaverndar Reykjavíkur lögð fram á fundi velferðarráðs 18. febrúar 2026, ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Rekstur neyðarheimilis Barnaverndar Reykjavíkur

Lagt er til að fjármagni verði veitt til Barnaverndar Reykjavíkur svo hægt verði að semja við fjölskyldu um rekstur neyðarheimilis þar sem börn geta dvalið í neyðartilvikum á meðan að fundin er lausn á málum þeirra. Vistun barna á neyðarheimilinu yrði bráðavistun á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Neyðarheimilið þarf að geta tekið við allt að fjórum börnum í bráðavistun og er áætlaður hámarkskostnaður 42.532.560 kr. á ári. Kostnaðurinn rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Um nokkurt skeið hefur verið ljóst að brýn þörf er á að byggja upp stærra vistheimili á vegum Barnaverndar Reykjavíkur, þörf er á stærra Mánabergi þar sem börn geta dvalið í neyðartilvikum á meðan að fundin er lausn á málum þeirra. Tölfræði síðustu ára hefur sýnt fram á þetta, en nýting úrræðisins var um 140% á árunum 2021 til 2025.

Hlutverk Mánabergs er tvíþætt:

1. Neyðarheimili fyrir börn sem ekki geta dvalið heima til styttri tíma
2. Heimili þar sem fram fara leiðbeiningar og greiningarvistun fyrir fjölskyldur eftir fyrir fram ákveðnum markmiðum samkvæmt meðferðaráætlun

Síðustu ár hefur heimilið einkum sinnt seinna hlutverkinu, leiðbeiningar- og greiningarvistun og nánast alltaf verið yfirfullt. Þegar upp koma neyðartilvik þar sem fjarlægja þarf börn af heimili og veita þeim skjól og atlæti til styttri tími hefur ekki verið pláss á Mánabergi og starfsmenn staðið frammi fyrir því að vera í mikilli óvissu í krefjandi aðstæðum. Leitað hefur verið til einkaaðila og úrræða hjá nágrannasveitafélögum í þessum aðstæðum. Ætíð er leitað til aðila í fjölskyldu eða umhverfi barnsins komi þessar aðstæður upp en sé þeim ekki fyrir að fara verður að vera hægt að bregðast við því í eins og áður sagði í krefjandi aðstæðum. Ljóst er að þessi staða veldur auknu álagi í starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur og umfram allt er hún ekki ákjósanleg fyrir skjólstæðinga.

Nú er því lagt til að fjármagni verði veitt til Barnaverndar Reykjavíkur svo hægt verði að semja við fjölskyldu um rekstur neyðarheimilis.

Síðkir aðilar þurfa *leyfi til að reka bráðavistun* á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, en þurfa ekki leyfi heilbrigðiseftirlits eða starfsleyfi á grundvelli annarra laga en



barnaverndarlaga. *Leyfi til að reka bráðavistun* er gefið út af Gæða og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) og þarf umsækjandi að fara í gegnum ítarlegt mat á fjölskylduaðstæðum, heilsufari og andlegu atgervi. Þá er gerð úttekt á heimilisaðstæðum og hafa þarf hreint sakavottorð.

Einstaklingur eða hjón/sambýlisfólk sem sækir um fyrrgreint leyfi til GEV þarf að skila inn umsókn til stofnunarinnar. Með umsókn þarf að skila hreinu sakavottorði og læknisvottorði um líkamlegt og andlegt heilsufar. GEV sendir umsagnarbeiðni til barnaverndarþjónustunnar þar sem viðkomandi einstaklingur býr. Við tekur umfangsmikið umsagnarferli sem er á ábyrgð þjónustunnar, sem m.a. felst í viðtölum, heimsókn á heimili, öflun upplýsinga um afskipti barnaverndaryfirvalda eða félagsþjónustu af heimili o.fl. Að lokum gefur barnaverndarþjónustan umsögn til GEV á hjálögðu eyðublaði. Á grundvelli þeirra upplýsinga tekur GEV ákvörðun um hvort viðkomandi sé veitt leyfi. Nánari upplýsingar um ferlið og skilyrðin er að finna á heimasíðu GEV (www.gev.is).

Eins og áður er lýst munu eingöngu þeir einstaklingar koma til greina sem samstarfsaðilar við rekstur neyðarheimilis sem hafa þá þegar slíkt leyfi útgefið. Er því ljóst þegar gengið verður til samninga við viðkomandi að hann hafi þá þegar gengið í gegnum framangreint ferli og staðist það.

Títtnefnt leyfi er alla jafna gefið út til eins árs í senn og þarf leyfishafi að endurnýja leyfið innan þess tíma. Við endurnýjun leyfa fer á ný fram gagnaöflun og skoðun, en þó ekki eins yfirgripsmikil og við fyrstu leyfisveitingu. Heimild er í lögum að gefa út leyfi til lengri tíma en eins árs í senn sem m.a. hefur verið nýtt í tilvikum sem þeim sem hér er um rætt, þ.e. þegar um neyðarheimili er að ræða.

Vistun barna á neyðarheimilinu yrði *bráðavistun* á grundvelli fyrrgreindrar 84. gr. barnaverndarlaga. Bráðavistun felur í sér vistun barna utan heimilis til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra t.d. vegna vanrækslu, vanhæfni foreldris eða framferði foreldris. Fyrst og fremst er um að ræða börn sem ekki er talið að þurfi sérhæfða meðferð en geta ekki verið á heimili sínu um tíma. Slíkt neyðarheimili er í þágu hagsmuna þeirra barna sem um ræðir. Mikilvægt er fyrir börn í þessum viðkvæmu aðstæðum að geta farið á heimili þar sem er „venjuleg“ fjölskylda og fjölskylduvænt umhverfi án allra streituvaldandi þátta.

Að mati Barnaverndar Reykjavíkur þarf neyðarheimilið að geta tekið við allt að fjórum börnum í bráðavistun. Það mat byggir á tölum frá Mánabergi undanfarin ár og meðaltalsfjölda tilvika þar sem börn hafa komið inn í bráðatilvikum. Út frá þróun undanfarinna ára um aukinn málafjölda er jafnframt gert ráð fyrir aukningu frá því sem verið hefur. Hvað varðar húsnæði yrði gerð krafa um að viðkomandi aðili hefði í húsnæði sínu tvö til þrjú rúmgóð herbergi með fjórum rúmum og staðsetning yrði að vera á höfuðborgarsvæðinu. Þá þyrfti vistunaraðili að hafa bílpróf og bíl til umráða.

Neyðarheimilið (vistunaraðilar) þyrfti að vera til taks allan sólarhringinn allan ársins hring. Gerður yrði þjónustusamningur við aðilana þar sem kveðið verði á um greiðslur, réttindi og skyldur. Einnig yrði skilgreint í slíkum samningi hvernig eftirlit með heimilinu yrði framkvæmt, en slíkt eftirlit yrði á forræði og ábyrgð Barnaverndar Reykjavíkur. Í slíku eftirliti myndi t.a.m. felast óboðað eftirlit, heimild til að gera úttekt á starfseminni og



Reykjavík



reglulegir samráðsfundir. Skilgreind yrðu frítímabil í slíkum samningi og á slíkum tímabilum myndi Mánaberg taka við börnunum ef þörf krefur. Alla jafna yrði vistunartími stuttur og aldrei meira en 6 vikur, nema í undantekningartilvikum.

Hlutverk vistunaraðila yrði eftirfarandi:

- annast um börnin, veita þeim skjól, umhyggju og stuðning í erfiðum aðstæðum
- hafa til taks fatnað og annan lágmarksútbúnað sem barn gæti þurft á að halda
- sjá til þess að börnin geti haldið sinni rútínu t.d. keyra í skóla, leikskóla og tómstundir
- koma með börnin í umgengni við aðstandendur sína sem venjulega fer fram í húsnæði BR
- skila skriflegri skýrslu um vistunina í lok hverrar vistunar eða eftir atvikum á tilteknum tímabilum meðan á vistun stendur (vikuskýrslur)
- annað sem tilfellur eða ákveðið er í hverri vistun fyrir sig út frá þörfum og hagsmunum hvers barns

Sambærileg neyðarheimili eru til staðar í nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, t.d. Hafnarfirði og Kópavogi og hefur reynst vel.

Áætlaður kostnaður við rekstur neyðarheimilis er grunngjald fyrir að vera til taks allan sólarhringinn sem samsvarar 30 meðlögum á mánuði, þ.e. 1.519.020 kr. pr. mánuð eða 18.228.240 kr. á ári. Fyrir hvert barn í dvöl á heimilinu yrðu greidd 10 meðlög pr. mánuð í hlutfalli við lengd dvalar. Slíkar greiðslur yrðu því að hámarki 2.025.360 kr. pr. mánuð eða 24.304.320 kr. á ári. Samkvæmt framangreindu og hjálögðu yfirliti yrði því hámarkskostnaður kr. 42.532.560 á ári. Meðlag tekur hækkunum skv. vísitölu ár hvert. Greiðslur yrðu greiddar mánaðarlega skv. útgefnum reikningum vistunaraðila.

Fylgiskjöl:

Kostnaðaráætlun vegna neyðarheimilis fyrir börn 0-12 ára hjá Barnavernd Reykjavíkur

Umsagnareyðublað GEV vegna 84. gr. leyfa.



Reykjavík

Áætlun um neyðarúrræði fyrir börn frá 0-12 ára hjá Barnavernd Reykjavíkur

Lýsing	p.kr	Barnalífeyris Einingar	Fjöldi barna
Barnalífeyrir	50.634	30	
Fjöldi max barna á heimili			4
Hvert barn per barnalífeyris einingu		10	
Grunntaun fyrir heimilið		30	

Áætlun: 2026

[illegible]

UMSAGNAREYÐUBLAÐ FYRIR BRÁÐAVISTUN 84. GR.

UMSAGNAREYÐUBLAÐ ÞETTA SKAL ÚTFYLLT AF STARFSMANNI BARNAVERNDARÞJÓNUSTU fyrir úttekt á umsækjendum um bráðavistun skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Umsagnareyðublaðið byggir á umsagnarhlutverki barnaverndarþjónusta til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála skv. VII. kafla reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004. Mikilvægt er að öllum spurningum sé svarað.

TILVÍSUNARNÚMER GEV

1. Almennar upplýsingar

Umsækjendur og heimilismenn eldri en 18 ára (Nöfn og kt.)

Heimilismenn yngri en 18 ára auk upplýsinga um aðra aðila með aðsetur á heimilinu

2. Ástæða umsóknar

Upplýsingar um ástæðu umsóknar

Ef sótt er um leyfi til að taka ákveðið barn í vistun er óskað eftir nafni og kt. barnsins auk upplýsinga um tengsl umsækjenda við barnið

3. Upplýsingar um fjölskyldusögu umsækjenda

Stutt lýsing á uppruna, uppeldi, búsetu og sambúð

Stutt lýsing á fyrri sambúðum eða hjónaböndum umsækjanda (ef við á)

Upplýsingar um áföll í lífi umsækjenda (ef við á)

Annað

4. Yfirlit yfir starfsferil, menntun og reynslu af starfi með börnum

Starfsferill

Núverandi atvinna

Fyrri atvinna/reynsla sem tengist starfi með börnum

Upplýsingar um menntun umsækjanda

Nafn umsækjanda:

Upplýsingar um menntun umsækjanda

Nafn umsækjanda:

5. Upplýsingar um heilsufar umsækjenda

Barnaverndarþjónusta skal ávallt spyrja út í heilsufar þrátt fyrir að engar athugasemdir komi fram á meðfylgjandi læknisvottorði

Er saga um?

☐ Andleg veikindi (Lýsið nánar)

☐ Líkamleg veikindi (Lýsið nánar)

☐ Líkamlegt-, andlegt- eða kynferðisofbeldi

Lýsið nánar

☐ Áfengis- lyfjamisnotkun eða vímuefnanotkun

Lýsið nánar

☐ Eða annan vanda sem gæti haft áhrif á hæfni umsækjanda eða eðlilegan aðbúnað barns í vistun

Lýsið nánar

Ef fram koma upplýsingar um heilsuvanda á læknisvottorði eða frá umsækjanda sjálfum skal hann spurður út í þær og skal barnaverndarþjónusta taka afstöðu til þeirra upplýsinga m.t.t. hæfni umsækjanda til að reka bráðavistun

Lýsið nánar

6. Upplýsingar og afstaða til sakaferils (ef við á)

Barnaverndarþjónusta skal sérstaklega spyrja út í innfærslur á meðfylgjandi sakavottorði ef þeim er að skipta og taka afstöðu til þeirra upplýsinga m.t.t. hæfni umsækjanda til að reka bráðavistun 84. gr.

Lýsið nánar

7. Upplýsingar um heimili

Almennar upplýsingar

Heimilisfang: _____

Tegund húsnæðis: _____

Herbergjaskipan

Fjöldi svefnherbergja: _____

Fjöldi svefnherbergja fyrir börn í vistun: _____

Almennar aðstæður í og við heimili

- ☐ Snýrtilegar
- ☐ Salernis- og baðaðstaða viðunandi
- ☐ Aðgengi fyrir fatlað fólk/börn gott
- ☐ Gæludýr á heimili
- ☐ Aðstæðum ábótavant og/eða hættur í umhverfi

Lýsið nánar

- ☐ Önnur starfsemi í húsinu

Lýsið nánar

Öryggismál og eldvarnir á heimili

- ☐ Geymsla á lyfjum og öðrum hættulegum efnum utan seilingar barna
- ☐ Gluggalæsingar tryggjar
- ☐ Flóttaleiðir greiðar
- ☐ Reykskynjarar til staðar
- ☐ Eldvarnarteppi til staðar
- ☐ Slökkvitæki til staðar
- ☐ Eldvarnir í sameign
- ☐ Umsækjandi þekkir handbók um eldvarnir heimila (sjá handbók inn á eldvarnarbandalagid.is)

Athugasemdir varðandi öryggismál og eldvarnir á heimili

8. Upplýsingar um önnur leyfi eða verkefni fyrir barnaverndarþjónustu

- ☐ Stuðningsfjölskylda – félagsþjónusta
- ☐ Stuðningsfjölskylda – barnavernd
- ☐ Fósturfjölskylda
- ☐ Persónulegur ráðgjafi eða tilsjónarmaður
- ☐ Sumardvöl
- ☐ Starfsmaður stoð- og stuðningsþjónustu sveitarfélags
- ☐ Annað: _____

9. Samskipti við starfsfólk félagsþjónustu/barnaverndar

- ☐ Engin samskipti þekkt
- ☐ Góð samskipti
- ☐ Athugasemdir við samskipti

Lýsið nánar

10. Afskipti barnaverndarþjónustu

- ☐ Engin afskipti
- ☐ Afskipti (Lýsið nánar afskiptum og niðurstöðu mála hér að neðan)

☐ Ástæða til að gefa frekari upplýsingar sem gætu haft áhrif á hæfi/heimilishald umsækjanda

Lýsið nánar

11. Afstaða barnaverndarþjónustu til útgáfu leyfis

Bráðavistunarleyfi 84. gr. eru almennt veitt til 1 árs. Barnaverndarþjónusta getur fært rök fyrir veitingu leyfis til lengri tíma ef um sérstakar aðstæður er að ræða.

Mat og niðurstaða barnaverndarþjónustu. **Rökstuðningur fyrir veitingu leyfis eða gegn veitingu leyfis.** (Ef mælt er gegn veitingu leyfis skal umsækjanda veitt tækifæri til að tjá sig um afstöðu barnaverndarþjónustunnar sem skal einnig koma fram hér að neðan)

12. Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

13. Annað sem barnaverndarþjónustan vill koma á framfæri

Dagsetning

Heiti barnav.

Undirritun starfsmanns _____

Upplýsingar um skil umsagnar

Óskað er eftir því að umsögninni verði skilað til GEV innan 30 daga frá því að umsagnarbeiðni barst barnaverndarþjónustunni. Umsögn skal skilað með rafrænum hætti til stofnunarinnar. Ef barnaverndarþjónustan hefur byggt umsögn sína á gögnum sem ekki liggja þegar fyrir hjá GEV skulu þau gögn fylgja umsögninni. Senda skal umsögn til GEV gegnum gagnagátt Signet Transfer (Fyrirtæki: Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Hópur: Móttaka gagna). Komi upp vandamál við skil umsagnar er hægt að hafa samband á netfangið gev@gev.is eða í s. 540-0040.